



Stjórnarháttayfirlýsing Íslandsbanka hf. 2022 Óendurskoðuð

Íslandsbanki starfar samkvæmt gildandi löggjöf um aðila sem eru undir eftirliti Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands (FME), ásamt viðeigandi reglum og tilmælum FME og reglum Nasdaq Iceland sem aðgengilegar eru á vefsíðunum sedlabanki.is og nasdaqomxnordic.com. Meðal þeirra laga sem um starfsemi bankans gilda eru lög um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002, lög um skilameðferð lánastofnana og verðbréfafyrirtækja nr. 70/2020, lög um markaði fyrir fjármálagerninga nr. 115/2021, lög um greiðsluþjónustu nr. 120/2011, lög um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka nr. 140/2018, lög um fasteignalán til neytenda nr. 118/2016, lög um neytendalán nr. 33/2013, samkeppnislög nr. 44/2005 og lög um hlutafélag nr. 2/1995, sem ásamt samþykktum bankans mynda grunninn að starfsemi hans. Viðeigandi löggjöf er að finna á vefsíðu Alþingis, althingi.is.

Stjórn Íslandsbanka hefur einsett sér að vera framúrskarandi í góðum stjórnarháttum og að stjórnarhættir bankans samræmist því regluverki sem um starfsemina gildir, alþjóðlega viðurkenndum viðmiðum og bestu framkvæmd á sviði stjórnarháttanna.

Bankinn leggur árlega mat á fylgni bankans við leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja sem gefnar eru út af Viðskiptaráði Íslands, Nasdaq Iceland og Samtökum atvinnulífsins (hér eftir leiðbeiningarnar). Stjórn bankans fylgir leiðbeiningunum í samræmi við 7. mgr. 54. gr. laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002. Leiðbeiningarnar eru aðgengilegar á leidbeiningar.is. Stjórnarhættir bankans taka jafnframt mið af viðmiðunarreglum Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar um innri stjórnarhætti (EBA/GL/2021/05), sbr. 16. gr. reglugerðar ESB nr. 1093/2010 sem lögfest var á Íslandi með lögum nr. 24/2017, um evrópskt eftirlitskerfi á fjármálamarkaði.

Hlutabréf í bankanum hafa verið tekin til viðskipta á aðalmarkaði Nasdaq Iceland. Jafnframt gefur bankinn reglulega út skuldabréf á skipulegum verðbréfamarkaði bæði á Íslandi og á Írlandi. Bankinn fellur því undir upplýsingaskyldu útgefanda samkvæmt lögum um upplýsingaskyldu útgefanda verðbréfa og flöggunarskyldu nr. 20/2021 og reglur viðkomandi kauphalla.

Bankasýsla ríkisins, fyrir hönd íslenska ríkisins, er stærsti hluthafinn í bankanum og fer með 42,5% eignarhlut, í samræmi við lög nr. 88/2009 um Bankasýslu ríkisins og eigandastefnu ríkisins fyrir fjármálafyrirtæki. Markmið ríkisins sem eiganda er að starfsemi bankans stuðli að trausti og trúverðugleika fjármálamarkaðar, samkeppni á fjármálamarkaði og að hámarka langtímavirði fyrir ríkissjóð að teknu tilliti til áhættu.

Helstu þættir áhættustýringar og innra eftirlits

Innra eftirlit

Umgjörð bankans um áhættustýringu og innra eftirlit byggir á þriggja þrepa eftirlitskerfi, eins og því er lýst í leiðbeiningum Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar um innri stjórnarhætti og er ætlað að styðja við góðar ákvarðanir og sterka áhættuvitund í bankanum. Skipulagið miðar að því að tryggja skilvirgni, virka áhættustýringu, góða viðskiptahætti, áreiðanleika fjárhagsupplýsinga og annarra upplýsinga innan og utan bankans, ásamt fylgni við viðeigandi lög, reglur, tilmæli og innri reglur bankans.

Fyrsta varnarlínan er mynduð af viðskipta- og stoðeiningum bankans, önnur varnarlínan af innri eftirlitseiningum bankans, áhættustýringu og regluvörslu og þriðja varnarlínan er innri endurskoðun sem leggur óháð og hlutlægt mat á skilvirgni stjórnarháttanna.



áhættustýringar og innra eftirlits, og upplýsir stjórn um mat sitt.

Áhættustýring

Stjórn bankans samþykkir áhættustefnu, yfirlýsingu bankans um áhættuvilja og framkvæmd áhættustýringar og skal tryggja að innri ferlar og umgjörð vegna áhættustýringar séu yfirfarnir eigi sjaldnar en árlega.

Áhættustefnunefnd er ráðgefandi nefnd bankastjóra og í henni eiga sæti bankastjóri, allir framkvæmdastjórar bankans og aðrir stjórnendur sem skipaðir eru af bankastjóra. Nefndin tekur lykilákvæðanir er varða innleiðingu á umgjörð áhættustýringar og innra eftirlits og hefur eftirlit með því að áhættusnið bankans sé innan þess ramma sem markast af yfirlýsingu stjórnar um áhættuvilja. Nefndin gefur út leiðbeiningar um áhættuviðmið og samþykkir aðferðir og forsendur við útreikning á áhættumælikvörðum.

Frekari upplýsingar um áhættustýringu og innra eftirlit má finna í óendurskoðaðri áhættuskýrslu bankans (e. Pillar 3 Report) sem er birt á vefsíðu bankans.

Reikningsskil og endurskoðun

Bankastjóri sér til þess að stjórn fái reglulega nákvæmar upplýsingar um fjármál, uppbyggingu og rekstur bankans og endurskoðunarnefnd stjórnar aðstoðar stjórn bankans við að uppfylla eftirlitsskyldur sínar í tengslum við birtingu fjárhagsupplýsinga og innra eftirlit.

Fjármálasvið bankans gerir reikningsskil fyrir samstæðuna í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu auk viðeigandi krafna í lögum um ársreikninga nr. 3/2006, lögum um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 og reglum um reikningsskil lánastofnana. Áður en árs- og árshlutareikningar samstæðunnar eru lagðir fyrir stjórn til samþykktar, hefur endurskoðunar-

nefnd stjórnar yfirfarið reikningsskil samstæðunnar. Þá fjallar endurskoðunarnefnd reglulega um reikningsskil samstæðunnar og leggur mat á innra eftirlit hennar. Stjórnendauppgjör eru lögð fyrir stjórn 10 sinnum á ári, að jafnaði. Ytri endurskoðendur kanna hálfársuppgjör og endurskoða ársuppgjör samstæðu Íslandsbanka.

Árs- og árshlutauppgjör samstæðu Íslandsbanka eru birt opinberlega.

Aðalfundur kýs endurskoðunarfyrirtæki í samræmi við samþykktir bankans. Tillaga stjórnar til aðalfundar byggir á tilmælum endurskoðunarnefndar um val á endurskoðunarfyrirtæki. Ernst & Young ehf. hefur annast endurskoðun hjá samstæðunni undanfarin ár.

Innri endurskoðun

Innri endurskoðandi er ráðinn af stjórn og er ábyrgur fyrir innri endurskoðun innan bankans og dótturfélaga. Innri endurskoðun heyrir beint undir stjórn og starfar sjálfstætt frá öðrum deildum bankans í samræmi við 16. gr. laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002. Innri endurskoðun leggur mat á og stuðlar að endurbótum á stjórnarháttum fyrirtækisins, áhættustýringu og eftirlitsferlum. Nánar er gerð grein fyrir skyldum og heimildum innri endurskoðunar í erindisbréfi frá stjórn.

Regluvörður

Regluvörður er ráðinn af bankastjóra og er ráðning hans staðfest af stjórn. Regluvörður starfar samkvæmt erindisbréfi sem samþykkt er af stjórn bankans. Hlutverk regluvarðar er að fylgjast með og meta með reglubundnum hætti, ráðstafanir bankans í tengslum við verðbréfavíðskipti og að þær séu ávallt í samræmi við viðeigandi lög. Regluvörður er jafnframt ábyrgur fyrir því að meta og fylgjast með hvort bankinn starfi í samræmi við lög um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka nr. 140/2018. Auk þess er hann ábyrgur aðili samkvæmt bandarísku FATCA skattalöggjöfni og staðli OECD ríkjanna um skipti á fjárhagsupplýsingum.



Gildi Íslandsbanka, sjálfbærni og siðferði

Hlutverk bankans er að vera hreyfiafl til góðra verka. Gildi bankans eru kjarni fyrirtækjamenningar sem mótar hegðun, hugarfar og viðmót starfsmanna bankans. Gildi Íslandsbanka eru eldmóður, fagmennska og samvinna.

Bankinn hefur samþykkt starfs- og siðareglur sem ætlað er að stuðla að góðum starfsháttum innan bankans. Reglurnar má finna á vefsíðu bankans.

Bankinn hefur jafnframt samþykkt stefnu um sjálfbærni sem miðar að því að rekstur bankans verði til fyrirmyndar í íslensku atvinnulífi út frá alþjóðlegum viðurkenndum viðmiðum um umhverfismál, félagslega þætti og stjórnarhætti. Íslandsbanki stefnir á að vera leiðandi á sviði sjálfbærrar þróunar.

Bankinn hefur tiltekin fjögur heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna að leiðarljósi, þ.e. menntun fyrir alla, jafnrétti kynjanna, aðgerðir í loftlagsmálum og nýsköpun og uppbyggingu. Árlega gefur bankinn út árs- og sjálfbærnisráðgjafar- og eftirlitsskyldur sínar vegna fjárhagsupplýsinga, innra eftirlits, endurskoðunar og eftirlits með fylgni við lög og reglur ásamt siðareglum bankans. Á árinu 2022 voru haldnir sex fundir í endurskoðunarnefnd stjórnar og var nefndin ákvörðunarþær á þeim öllum.

Stjórn Íslandsbanka

Á aðalfundi hvers árs eru kosnir sjö einstaklingar, auk tveggja varamanna, í stjórn bankans til eins árs í senn. Stjórnarformaður er kosinn af hluthafafundi. Engin takmörk eru fyrir því hve lengi stjórnarmenn mega sitja í stjórn bankans.

Stjórn bankans fer með málefni bankans milli hluthafafunda nema þegar lög eða samþykktir bankans kveða á um annað. Stjórn ber ábyrgð á því að setja stefnu bankans og felur bankastjóra nánari útfærslu og framkvæmd hennar. Stjórn hefur eftirlit með starfsemi bankans og að hún sé ávallt í samræmi við lög, reglur og góða viðskiptahætti. Stjórn ræður bankastjóra og innri endurskoðanda.

Starfsreglur stjórnar eru settar á grundvelli 70. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög og 54. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálaafyrirtæki. Gildandi reglur má finna á vefsíðu bankans. Samkvæmt starfsreglum stjórnar eru fundir stjórnar lögmætir ef fimm stjórnarmenn hið minnsta sækja fund. Stjórnarfundir á árinu 2022 voru 17 talsins og var stjórn ákvörðunarþær á öllum fundum.

Samþykktir bankans kveða á um að hlutfall hvors kyns í stjórn bankans skuli ekki vera lægra en 40%. Stjórn bankans er nú skipuð fjórum konum og þremur körlum. Stjórn hefur samþykkt stefnu um hæfi stjórnar, bankastjóra og lykilstarfsmanna sem kveður m.a. á um að samsetning stjórnar skuli á hverjum tíma vera fjölbreytt m.t.t. menntunar, starfsreynslu, kyns og aldurs stjórnarmanna.

Undirnefndir stjórnar

Undirnefndir stjórnar eru þrjár og starfa þær samkvæmt erindisbréfi frá stjórn og starfsreglum stjórnar. Erindisbréf undirnefnda stjórnar má finna á vefsíðu bankans. Stjórn kys nefndarmenn undirnefnda og skipar formenn þeirra. Við skipun nefndanna skal stjórn taka tillit til þess hvaða sérþekkingar, hæfni og reynslu seta í viðkomandi undirnefnd krefst. Nefndirnar eru allar skipaðar stjórnarmönnum.

Endurskoðunarnefnd stjórnar, sem skipuð er þremur stjórnarmönnum, aðstoðar stjórn við að uppfylla eftirlitsskyldur sínar vegna fjárhagsupplýsinga, innra eftirlits, endurskoðunar og eftirlits með fylgni við lög og reglur ásamt siðareglum bankans. Á árinu 2022 voru haldnir sex fundir í endurskoðunarnefnd stjórnar og var nefndin ákvörðunarþær á þeim öllum.

Áhættunefnd stjórnar, sem skipuð er þremur stjórnarmönnum, aðstoðar stjórn við að uppfylla ráðgjafar- og eftirlitshlutverk sitt, m.a. vegna mótunar og innleiðingar á áhættustefnu og áhættuvilja bankans. Verkefni áhættunefndar stjórnar ná til móðurfélagsins, dótturfélaga þess og samstæðunnar í heild sinni. Á árinu 2022 voru haldnir átta fundir í áhættunefnd stjórnar og var nefndin ákvörðunarþær á þeim öllum.

Stjórnarhátt- og mannauðsnefnd stjórnar sem skipuð er þremur stjórnarmönnum, aðstoðar stjórn bankans við að fylgjast með þróun og meta reglulega nálgun bankans í góðum stjórnarháttum og frammistöðu stjórnarmanna. Ennfremur aðstoðar nefndin stjórn við að uppfylla eftirlitsskyldur sínar vegna starfskjarastefnu og innleiðingu á sjálfbærnistefnu bankans og álitaeftum er varða mannauðsmál. Haldnir voru sex fundir í þessari undirnefnd stjórnar á árinu 2022 og var nefndin ákvörðunarþær á þeim öllum.

Skipan undirnefnda stjórnar má sjá í töflu hér á eftir.



Stjórnarmenn



Finnur Árnason
(f. 1961)

Stjórnarmaður og formaður stjórnar frá mars 2022

Starf: Sjálfstætt starfandi rekstrarráðgjafi.

Starfsreynsla: Forstjóri Haga hf. (2005–2020).

Framkvæmdastjóri Hagkaups (2000–2005).

Trúnaðarstörf: Nýr Landspítali NLSH ohf.

(stjórnarformaður). Ormsson ehf. (stjórnarformaður).

Menntun: MBA frá University of Hartford í Bandaríkjunum. Cand. oecon. frá Háskóla Íslands.

Hlutafjáreign og óhæði: Finnur Árnason á 95.258 hluti í Íslandsbanka og 12.658 hluti í gegnum félagið Rekavík ehf. Maki Finns á 95.258 hluti í Íslandsbanka. Finnur telst óháður bankanum og stórum hluthöfum hans.

Engin hagsmunatengsl eru við helstu viðskiptaaðila eða samkeppnisaðila Íslandsbanka.

Undirnefndir: Nefndarmaður í endurskoðunarnefnd.



Anna Þórðardóttir
(f. 1960)

Stjórnarmaður frá apríl 2016

Starf: Sjálfstætt starfandi stjórnarmaður.

Starfsreynsla: Endurskoðandi hjá KPMG (1988–2015),

þar af eigandi frá 1999.

Trúnaðarstörf: Framtíðarsetur Íslands (stjórnarmaður).

Endurskoðunarnefnd Haga hf. (formaður).

Endurskoðunarnefnd Regins hf. (formaður).

Menntun: Cand. oecon. frá Háskóla Íslands.

Stundaði cand. merc. nám í fjármálafræðum við Handelshøgskolen í Árósum, Danmörku. Löggiltur endurskoðandi.

Hlutafjáreign og óhæði: Anna á enga hluti í Íslandsbanka og telst óháð bankanum og stórum hluthöfum hans. Engin hagsmunatengsl eru við helstu viðskiptaaðila eða samkeppnisaðila Íslandsbanka.

Undirnefndir: Formaður endurskoðunarnefndar.



Ari Daníelsson
(f. 1972)

Stjórnarmaður frá mars 2022

Starf: Sjálfstætt starfandi stjórnarmaður og fjárfestir.

Starfsreynsla: Stofnandi og framkvæmdastjóri Reviva Capital S.A., alþjóðlegt eignastýringarfyrtæki (2010–2022). Framkvæmdastjóri og stjórnarmaður hjá Glitnir Bank Luxembourg S.A. (2008–2010). Viðskiptaþróun og eignafjármögnun hjá Glitni banka hf. (2006–2008).

Hugbúnaðarþróun fyrir fyrir fjármálamarkaði, framkvæmdastjóri og stjórnarmaður hjá Mentis hf. (1999–2006)

Trúnaðarstörf: Origo hf. (stjórnarmaður). Reviva Capital S.A. (stjórnarformaður). Menntaskóli í tónlist - MiT (stjórnarmaður).

Menntun: MBA frá Háskólanum í Reykjavík. B.Sc. í tölvunarfræði frá Háskólanum í Reykjavík. Viðbótarnám í stjórnarháttum alþjóðlegra fyrirtækja (IDP) frá INSEAD í Frakklandi.

Hlutafjáreign og óhæði: Ari á 469.005 hluti í Íslandsbanka í gegnum félagið R-Holdings 1 S.a.r.l. og 37.976 hluti í gegnum eignarhaldsfélagið MFT 1 ehf. og telst óháður bankanum og stórum hluthöfum hans. Engin hagsmunatengsl eru við helstu viðskiptaaðila eða samkeppnisaðila Íslandsbanka.

Undirnefndir: Nefndarmaður í áhættunefnd og endurskoðunarnefnd.



Stjórnarmenn



Frosti Ólafsson

(f. 1982)

Stjórnarmaður frá mars 2020

Starf: Framkvæmdastjóri Olís ehf.

Starfsreynsla: Sjálfstæður ráðgjafi (2020–2021).

Forstjóri ORF Líftækni hf. (2017–2020). Framkvæmda-

stjóri Viðskiptaráðs Íslands (2013–2017). Ráðgjafi hjá McKinsey & Company (2011–2013).

Trúnaðarstörf: Controlant hf. (stjórnarmaður). Garður ehf. (stjórnarmaður).

Menntun: MBA frá London Business School. B.Sc. í hagfræði frá Háskóla Íslands og Macquire University í Sydney, Ástralíu.

Hlutfjáreign og óhæði: Frosti á 12.659 hluti í Íslandsbanka og 12.659 hluti í gegnum félagið Óson ehf. Maki Frosta á 12.659 hluti í Íslandsbanka. Frosti telst óháður bankanum og stórum hluthöfum hans. Engin hagsmunatengsl eru við helstu viðskiptaaðila eða samkeppnisaðila Íslandsbanka.

Undirnefndir: Formaður stjórnarháttá- og mannauðsnefndar.



Guðrún Þorgeirsdóttir

(f. 1979)

Stjórnarmaður frá mars 2020 og varaformaður stjórnar frá október 2022

Starf: Framkvæmdastjóri viðskiptaþróunar hjá PayAnalytics ehf. Framkvæmdastjóri Tharsis ehf.

Starfsreynsla: Framkvæmdastjóri fjármálasviðs hjá Skeljungu hf. (2014–2016). Framkvæmdastjóri

viðskiptaþróunar hjá Skeljungu hf. (2013–2014).

Fjárfestingarstjóri hjá Klakka ehf. (2010–2013).

Framkvæmdastjóri áhættustýringar hjá Exista hf. (2006–2010).

Trúnaðarstörf: Pavonis ehf. (varamaður)

Menntun: MBA frá HEC School of Management í Frakklandi. B.Sc. í iðnaðarverkfræði frá Háskóla Íslands. Próf í verðbréfavíðskiptum.

Hlutfjáreign og óhæði: Guðrún á enga hluti í Íslandsbanka og telst óháð bankanum og stórum hluthöfum hans. Jón Þór Sigurvinsson, maki Guðrúnar, er forstöðumaður fyrirtækjaráðgjafar og einn af stofnendum Artica Finance hf., einum af samkeppnisaðilum Íslandsbanka. Engin önnur hagsmunatengsl eru við helstu viðskiptaaðila eða samkeppnisaðila Íslandsbanka.

Undirnefndir: Formaður áhættunefndar.



Herdís Gunnarsdóttir

(f. 1968)

Stjórnarmaður frá október 2022

Starf: Forstjóri Gæða- og eftirlitsstofnunar velferðarmála.

Starfsreynsla: Framkvæmdastjóri réttindasviðs Tryggingastofnunar (2020–2022). Forstjóri Heilbrigðisstofnunar Suðurlands (2014–2019). Stjórnandi á Landsspítalanum (2000–2014).

Trúnaðarstörf: Engin.

Menntun: MBA og M.Sc. í nýbura- og barnahjúkrun ásamt B.Sc. í hjúkrunarfræði frá Háskóla Íslands.

Hlutfjáreign og óhæði: Herdís á enga hluti í Íslandsbanka og hefur engin hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila eða samkeppnisaðila bankans. Herdís telst ekki óháð bankanum og stórum hluthöfum hans vegna starfs síns fyrir íslenska ríkið sem er stór hluthafi í bankanum.

Undirnefndir: Nefndarmaður í stjórnarháttá- og mannauðsnefnd.



Tanya Zharov

(f. 1966)

Stjórnarmaður frá mars 2022

Starf: Aðstoðarforstjóri Alvotech hf.

Starfsreynsla: Aðstoðarforstjóri Íslenskrar erfðagreiningar ehf. (2016-2020). Kennari og umsjónaraðili í verðbréfarétti í námi til öflunar verðbréfaréttinda

(2009-2015). Framkvæmdastjóri lögfræðisviðs hjá Auði Capital hf. og síðar Virðingu hf. (2008-2015). Lögfræðingur og framkvæmdastjóri stjórnunarviðs hjá Íslenskri erfðagreiningu ehf. (1999-2007). Meðeigandi og skattalögfræðingur hjá PwC (1996-1998).

Trúnaðarstörf: Háskólinn í Reykjavík (stjórnarmaður).










Menntun: Embættispróf frá lagadeild Háskóla Íslands. Evrópskur einkaleyfalögfræðingur.



Hlutafjareign og óhæði: Tanya á 4.408 hluti í Íslandsbanka í gegnum eignarhaldsfélagið Tölur ehf. og telst óháð bankanum og stórum hluthöfum hans. Engin hagsmunatengsl eru við helstu viðskiptaaðila eða samkeppnisaðila Íslandsbanka.

Undirnefndir: Nefndarmaður í áhættunefnd og stjórnarháttá- og mannauðsnefnd.

Varamaður í stjórn er Páll Grétar Steingrímsson, frá mars 2022.

Skipan undirnefnda stjórnar

	Endurskoðunarnefnd	Áhættunefnd	Stjórnháttá- og mannauðsnefnd
Anna Þórðardóttir			
Ari Daníelsson			
Finnur Árnason			
Frosti Ólafsson			
Guðrún Þorgeirsdóttir			
Herdís Gunnarsdóttir			
Tanya Zharov			

 Formaður nefndar  Nefndarmaður

Tilnefningarnefnd Íslandsbanka og valnefnd Bankasýslunnar

Í samræmi við samþykktir bankans hefur bankinn starfandi tilnefningarnefnd sem hefur það hlutverk að tilnefna einstaklinga í stjórnarsetu í félaginu á aðalfundi félagsins, eða eftir atvikum á hluthafafundi þar sem stjórnarkjör er á dagskrá. Nefndarmenn tilnefningarnefndar skulu vera þrír og skulu þeir kjörnir af stjórn til eins árs í senn. Nefndin skal vera sjálfstæð í störfum sínum og skal meirihluti nefndarmanna vera óháður bankanum og stjórnendum hans.

Í tilnefningarnefnd bankans sitja:

Helga Valfells, formaður

Finnur Árnason, stjórnarformaður Íslandsbanka

Tómas Már Sigurðsson

Bankasýsla ríkisins starfrækir sérstaka þriggja manna valnefnd sem tilnefnir aðila fyrir hönd ríkisins sem rétt hafa til setu fyrir hönd ríkisins í bankaráðum eða stjórnnum fyrirtækja á forræði stofnunarinnar. Samkvæmt samningi milli Íslandsbanka og Bankasýslu ríkisins skulu tilnefningarnefnd bankans og valnefnd Bankasýslunnar tryggja að þegar kjósa skal í stjórn, séu í framboði til stjórnar hópur sem uppfylli á hverjum tíma ákvæði laga um samsetningu, bæði hvað varðar breidd þekkingar og kynjahlutfall. Starfsreglur tilnefningarnefndar eru birtar á vefsíðu bankans.

Árangurs- og hæfismat stjórnar

Starfsreglur stjórnar kveða á um skyldu stjórnar til að meta störf sín og einstakra stjórnarmanna, verklag og starfshætti eigi sjaldnar en árlega. Þessu mati er



ætlað að bæta starfshætti og skilvirkni stjórnarinnar. Við árangursmat er lagt mat á styrkleika og veikleika í störfum stjórnar. Árangursmatið byggir m.a. á mati á nauðsynlegum fjölda stjórnarmanna og samsetningu stjórnar m.t.t. hæfni og reynslu, verklags og starfshátta. Stjórn framkvæmdi þetta mat síðast í desember 2022.

Stjórn leggur jafnframt árlega mat á sameiginlegt hæfi stjórnar og einstakra stjórnarmanna í samræmi við starfsreglur stjórnar og stefnu bankans um mat á hæfi stjórnar, bankastjóra og lykilstarfsmanna.

Stjórn tók afstöðu til sameiginlegs hæfis stjórnar og einstakra stjórnarmanna og ályktaði að stjórnin sem heild og einstakir stjórnarmenn búi yfir nægilegri reynslu og þekkingu til að uppfylla hæfisskilyrði laga um fjármálafyrirtæki sem og stefnu bankans um hæfi stjórnar, bankastjóra og lykilstarfsmanna.

Bankastjóri

Bankastjóri ber ábyrgð á að rekstur og starfsemi bankans sé, á hverjum tíma, í samræmi við samþykktir bankans, samþykktu stefnu, fyrirmæli stjórnar og viðeigandi lög. Bankastjóri ræður framkvæmdastjóra yfir starfssvið bankans, regluvörð og skipar nefndarmenn í ráðgefandi nefndir bankastjóra.

Framkvæmdastjórn

Framkvæmdastjórn bankans samanstendur af sjö einstaklingum, að bankastjóra meðtöldum: Birna Einarsdóttir, bankastjóri frá október 2008, Jón Guðni Ómarsson, framkvæmdastjóri Fjármála frá október 2011, Sigríður Hrefna Hrafnkelsdóttir, framkvæmdastjóri

Einstaklinga frá maí 2017, Ríaan Dreyer, framkvæmdastjóri Upplýsingatækni frá september 2019, Guðmundur Kristinn Birgisson, framkvæmdastjóri Áhættustýringar frá október 2018, Una Steinsdóttir, framkvæmdastjóri Viðskiptabanka frá maí 2017, og Ásmundur Tryggvason, framkvæmdastjóri Fyrirtækja og fjárfesta frá janúar 2019.

Ráðgefandi nefndir bankastjóra

Ráðgefandi nefndir bankastjóra skiptast í stefnumótunarnefndir, sem hafa með höndum innleiðingu á stefnu stjórnar, og viðskiptanefndir, sem taka afstöðu til einstakra viðskiptaerinda. Skipan nefndanna er ákveðin af bankastjóra sem jafnframt samþykkir erindisbréf þeirra.

Framkvæmdastjórn og áhættustefnunefnd teljast til stefnumótunarnefnda og taka lykilávarðanir er varða innleiðingu á þeirri stefnu sem mörkuð er af stjórn. Í þeim eiga sæti allir framkvæmdastjórar bankans auk annarra stjórnenda sem skipaðir eru af bankastjóra.

Framkvæmdastjórn skal hafa yfirsýn og samhæfa lykilkætti í starfsemi Íslandsbanka. Framkvæmdastjórn fer með ákvörðunarvald í þeim mállefnum bankans sem bankastjóri felur henni í samræmi við stefnu, markmið og áhættuvilja.

Áhættustefnunefnd tekur lykilkætti er varða innleiðingu á umgjörð áhættustýringar og innra eftirlits og hefur eftirlit með því að áhættusnið bankans sé innan ramma yfirlýsingar stjórnar um áhættuvilja.



Birna Einarsdóttir

(f. 1961)

Birna var ráðin bankastjóri Íslandsbanka hf.
15. október 2008

Starfsreynsla: Framkvæmdastjóri sölu- og markaðsmála og síðar viðskiptabankasviðs hjá Íslandsbanka (2004–2008). Vörustjóri hjá Royal Bank of Scotland (1997–2004). Útibússtjóri á Seltjarnarnesi,

forstöðumaður markaðs- og þjónustudeildar hjá Íslandsbanka hf. (1991–1997). Markaðsstjóri Íslenska sjónvarpsfélagsins (1989–1991). Markaðsstjóri Iðnaðarbanka Íslands (1987–1989). Framkvæmdastjóri Íslenskra getrauna (1985–1987).

Menntun: MBA frá Háskólanum í Edinborg. Cand. oecon. frá Háskóla Íslands.

Önnur stjórnarstörf: Engin.

Hlutafjareign og óhæði: Birna á 44.506 hluti í Íslandsbanka og telst óháð bankanum og stórum hluthöfum hans. Engin hagsmunatengsl eru við helstu viðskiptaaðila eða samkeppnisaðila Íslandsbanka. Engir kaupréttarsamningar hafa verið gerðir milli bankans og bankastjóra.



Viðskiptanefndir bankans taka afstöðu til einstakra viðskipta- og rekstrarerinda í samræmi við stefnu, reglur og önnur mörk sem samþykkt hafa verið af stjórn, framkvæmdastjórn eða áhættustefnunefnd. Viðskiptanefndir bankans eru:

Yfirlánanefnd tekur afstöðu til erinda um lánamál og er formlegur vettvangur fyrir rýni og umræðu um einstök lánamál.

Efnahagsnefnd tekur afstöðu til erinda varðandi markaðsáhættu, lausafjárstýringu, fjármögnun, eigið fé og innri og ytri verðlagningu.

Fjárfestingarráð tekur afstöðu til erinda varðandi kaup, sölu og verðmat eignarhluta í félögum og öðrum fjárfestingum bankans.

Rekstrar- og öryggisnefnd tekur afstöðu til erinda varðandi nýjar vörur og þjónustu, samfelldan rekstur og áhættusamar breytingar á kerfum og ferlum í bankanum.

Sjálfbærnefnd er formlegur vettvangur fyrir rýni og umræðu um mál er varða sjálfbærniáhættu, sjálfbær innkaup og viðskiptatækifæri.

Stafræn vörunefnd er formlegur vettvangur fyrir ákvarðanatöku um forgangsröðun á verkefnum á milli vöruteyma til samræmis við stefnu og áherslur bankans.

Tilhögun samskipta milli hluthafa og stjórnar

Stjórn á samskipti við hluthafa í samræmi við ákvæði viðeigandi laga, samþykkt bankans og starfsreglna stjórnarinnar. Hluthafafundir, sem fara með æðsta vald í málefnum bankans, eru meginvettvangur fyrir upplýsingagjöf og samskipti við hluthafa. Allar upplýsingar sem skilgreinast sem viðkvæmar markaðsupplýsingar eru birtar í kauphallartilkyningum í samræmi við stefnu bankans um upplýsingagjöf og samskipti. Bankinn skipuleggur jafnframt ársfjórðungslega fundi fyrir markaðsaðila þar sem bankastjóri, fjármálastjóri og fulltrúar fjárfestatengsla kynna árshlutauppgjör bankans.

Í bankanum er starfandi birtingarnefnd sem leggur mat á atvikiðbundna upplýsingaskyldu bankans og tekur ákvörðun um birtingu þeirra í samræmi við reglur bankans um meðferð innherjaupplýsinga og viðskipti stjórnenda. Í birtingarnefnd sitja fjármálastjóri, yfirlögfræðingur, forstöðumaður fjárstýringar og regluvörður (án atkvæðis).

Upplýsingar um brot á lögum og reglum sem viðeigandi eftirlits- og/eða úrskurðaraðili hefur ákvarðað

Á árinu 2022 lagði Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands dagsekt á bankann fyrir að skila skuldbindingaskrá fimm dögum of seint. Hljóðaði sektin upp á 0,5 milljónir króna. Í árslok 2022 fékk bankinn í hendurnar frummat Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands (FME) vegna athugunar á framkvæmd bankans á sölu á 22,5% hlut ríkisins í bankanum. Sjá nánar í skýringu 43. Að öðru leyti komu ekki fram athugasemdir frá viðeigandi eftirlits- og/eða úrskurðaraðilum sem fólu í sér viðurlög vegna brota á lögum og reglum. Upplýsingar um dómsmál tengd Íslandsbanka er að finna í skýringum með ársreikningi samstæðunnar.

Þessi stjórnarháttayfirlýsing var samþykkt af stjórn Íslandsbanka þann 9. febrúar 2023.